

Alþingi – nefndasvið  
Austurstæti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 19. október 2015  
Tilv.: 1510042

### Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lýðháskóla, 17. mál

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendi Háskólanum á Akureyri til umsagnar tillögu til þingsályktunar um lýðháskóla, 17. Mál.

Umsögn Háskólans á Akureyri er eftirfarandi:

Þetta er almenn tillaga og hugmyndin að baki henni er allrar athygli verð. Samt verður að segja að útfærsla hennar í meðfylgjandi greinargerð er svo óljós að erfitt er að festa hönd á hvert skuli stefna. Hér koma nokkur atriði til umhugsunar:

- Hugmyndin um lýðskóla (ástæðulaust er að nota lýðháskólahugtakið því það fellur illa að íslenskri notkun háskólahugtaksins) er um margt freistandi og lítill vafi er á að skólar af þessu tagi geta gagnast unglingum sem ýmist rekast illa innan núverandi skólakerfis eða vita ekki hvert þeir vilja stefna með líf sitt. Minna má á að gömlu ungmenna- og héraðsskólarnir voru í reynd lýðskólar að norrænum og enskum fyrirmyndum frá nítjándu öld og fyrstu árum þeirrar tuttugustu. Þeir skólar liðu undir lok vegna þess að ekki tókst að finna þeim varanlegan stað í skólakerfi landsmanna auk þess sem staðsetning þeirra í dreifbýli reyndist óhallkvæm.
- Allt frá 1946 hefur verið stefnt að því að útrýma blindgötum í skólakerfinu. Lýðskóli verður líklega blindgata, hvernig sem hann verður skilgreindur til skólastígs eða skólastiga. Það er vegna þess að lýðskólar leiða ekki til neinna sérstakra réttinda eða prófs, margir þeirra leggja áherslu á listir og sköpun af ýmsu tagi og starf þeirra er þannig væntanlega undirbúningur fyrir annað nám af slíku tagi frekar en formlegur áfangi. Samhliða þroskar neminn sjálfan sig sem manneskju frekar en að öðlast réttindi eða próf. Það er sjálfsögð forsenda lýðskólahugmyndarinnar að þeir hafi ekki samræmda námskrá og meðal nágrannabjóða er lagt upp með að engir tveir séu eins. Það veldur því svo að augljós vandi getur skapast meðal viðtökuskóla. Hvað og hvernig á að meta það sem brautskráðir lýðskólanemar hafa í farteskinu? Verða námskrár þeirra vottaðar með einhverjum hætti? Í þessu sambandi má einnig minna á að hið svokallaða atvinnulíf hefur verið ófáanlegt til þess að meta nám sem ekki leiðir til skilgreinds lokaprófs til launa eða annarrar umbunar á vinnumarkaði.
- Fjármögnun lýðskóla samkvæmt þingsályktunartillögunni og meðfylgjandi greinargerð er fullkomlega óljós og miðað við núverandi skipan og fjármögnun menntakerfisins verður að teljast ólíklegt að hið opinbera leggi skólum af þessari gerð



verulegt lið. Ef svo fer hljóta þetta að verða dýrir einkaskólar fyrir þá fáu sem hafa efni á skólavist. Þá er jafnframt líklegt að hugsanlegir umsækjendur verði einkum þeir sem minnsta þörfina hafa fyrir þessa skólagerð. Verði einkaskólahugmyndin hins vegar ofan á er rétt að tryggja það með lögum að rekstur þeirra megi ekki skila eigendum sínum hagnaði.

- Í gildandi lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 með síðari breytingum, er kveðið á um fræðsluskyldu sem þýðir það að öll ungmenni eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Skólarnir eru af ýmsum gerðum og þeir hafa allmikið sjálfstæði um námsframboð sitt.
- Það þarf að meta eftirspurn eftir skólum sem þessum og ef eftirspurnin er mikil er ekkert því til fyrirstöðu að skólar eins og Framhaldsskólinn á Laugum, Menntaskólinn á Laugarvatni og aðrir heimavistarskólar á framhaldsskólastigi bregðist við og móti námsbrautir og áfanga í anda lýðskóla. Ákvæði um framhaldsskólapróf í lögum um framhaldsskóla getur mögulega gagnast í þessu samhengi. Núverandi skólakerfi felur í sér það mikinn sveigjanleika að naumast þarf að stofna til sérstakrar skólagerðar sem ekki fellur að því kerfi. Miklu fremur skortir hugmyndaauðgi við útfærslu framhaldsskólanáms. Ef ákveðið verður að fara út fyrir heimavistarskólarammann er allt framhaldsskólakerfið undir en sú leið gengur þó að nokkru gegn því sem segir í greinargerð flutningsmanna.
- Í doktorsrannsókn Sigrúnar Harðardóttur, *Líðan framhaldsskólanemenda: um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélagsins*, kemur ýmislegt fram sem getur gagnast við að tengja almennar námsbrautir framhaldsskóla og lýðskóla. Að stunda nám af þeirri ástæðu einni að maður hefur áhuga á því getur verið mjög þroskandi fyrir unglunga og aukið skilning þeirra á því af hverju nám er eftirsóknarvert og þar með eflt vilja þeirra til að læra. Það er hluti af þroska að skilja að nám í venjulegum skólum sem fer eftir námskrá er ekki einhver annarleg áhrif á eigið líf sem maður þarf að streitast gegn heldur leið til að eflast sjálf/ur. Framhaldsskólinn á lögum samkvæmt að vera skóli margbreytileikans og í honum eiga að vera námsbrautir sem rúma þá nemendur líka sem myndu vilja stunda nám í anda lýðskóla til að þroska folk sem manneskjur.

Virðingarfyllst,

---

Eyjólfur Guðmundsson, rektor